

*Samstarfssamningur Akureyrarbæjar
og Íþróttabandalags Akureyrar
10. nóvember 2017*

Samstarfssamningur Akureyrarbæjar og Íþróttabandalags Akureyrar

Akureyrarbær, kt. 410169-6229 og Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA), kt. 670169-1389, gera með sér eftifarandi samstarfssamning. Samningurinn kveður á um samskiptamál, styrkveitingar, rekstur og önnur sameiginleg hagsmunamál.

1. gr.

Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf á Akureyri verði áfram kraftmikið, bæjarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir bæjarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og ungingastarfi.

2. gr.

Frístundaráð, f.h. Akureyrarbæjar og stjórn ÍBA annast framgang þessa samkomulags. ÍBA er tengiliður aðildarfélaga við frístundaráð og Akureyrarbæ. Aðildarfélög skulu beina öllum erindum sínum til stjórnar ÍBA sem vinnur mál áfram ef þurfa þykir til frístundaráðs/Akureyrarbæjar.

ÍBA skal hafa framkvæmdastjóra í fullu starfi sem m.a. sinnir verkefnum skv. þessu samkomulagi. Starfsmenn frístundaráðs og ÍBA annast dagleg samskipti varðandi verkefni þessa samkomulags.

3. gr.

ÍBA fylgir eftir að aðildarfélög leitist við að sinna faglegu starfi í samræmi við íþróttanámskrá ÍBA, barna- og ungingastefnu ÍSÍ og íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA.

ÍBA mun hafa eftirlit með starfsemi íþróttafélaganna, veita þeim faglega ráðgjöf og stuðning eftir bestu getu.

ÍBA vinnur að því að efla ímynd íþróttta og heilbrigðs lífernис sem hluta af Heilsueflandi samfélagi og hvetur íbúa Akureyrar til að taka þátt í íþróttum og hreyfingu, t.d. í gegnum verkefni, s.s. „Hjólað í vinnuna“, „Hreyfiviku UMFÍ“, „Lífshlaupið“ og „Akureyri á iðl“.

ÍBA skal leitast við að taka að sér ýmis verkefni tengd íþróttastarfi svo sem að vinna að framgangi íþróttahreyfingarinnar á Akureyri með kynningu og markaðsetningu og aðkomu að framkvæmd íþróttaviðburða o.fl.

Stefnt er að því að sem flest aðildarfélög ÍBA verði fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

4. gr.

ÍBA hefur umsjón með að úthluta aðildarfélögum æfingatínum í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar í samræmi við reglur ÍBA og frístundaráðs um tímaúthlutun í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar, sbr. fylgiskjal 1.

Samningsaðilar skulu hafa lokið við endurnýjun á reglum ÍBA og frístundaráðs um tímaúthlutun í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar fyrir 1. júlí 2018 og verða nýjar reglur hluti af þessum samningi.

Æfingatímar félaga í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar reiknast sem styrkur til íþróttafélaga og skal þess getið í bókhaldi félaganna. ÍBA hefur eftirlit með að svo verði gert. Þannig á ekki að falla kostnaður á iökendur vegna húsnæðis til æfinga og kepni í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar. ÍBA og frístundaráð stefna að því að tryggja öllum aðildarfélögum aðstöðu í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar.

ÍBA skal taka saman árlega upplýsingar fyrir frístundaráð um sundurliðun tímaúthlutunar æfingatíma til aðildarfélaga eftir félögum, íþróttareinum, aldri og kyni.

5. gr.

Frístundaráð og ÍBA skulu sjá til þess í sameiningu að konur og karlar njóti jafnra tækifæra til að stunda íþróttir. Aðildarfélög ÍBA skulu hafa virka jafnréttisstefnu og fylgja forvarna- og jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar. Aðildarfélög ÍBA skulu setja sér siðareglur sem eiga við starfsmenn og stjórnarmenn hvers félags, m.t.t. siðareglina ÍSÍ og hegðunarviðmiða ÍSÍ. ÍBA og aðildarfélög skulu kynna sér stefnumótun Akureyrarbæjar í málefnum er snúa að börnum og ungingum og íþróttu-, æskulýðs- og tómstundastarfi.

ÍBA skal kynjagreina upplýsingar eftir fremsta megni þar sem því verður við komið.

6. gr.

Til þess að styðja við og efla íþróttastarf og starfsemi aðildarfélaga ÍBA mun frístundaráð gera ráð fyrir styrkjum til ÍBA í fjárhagsáætlun hverju sinni. Framlag frístundaráðs til ÍBA skv. þessu samkomulagi skiptist svo:

1. Styrkur til reksturs skrifstofu ÍBA
 - þ.m.t. laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra, rekstur NORA og STUND og annar skrifstofukostnaður
2. Framlag til styrkja vegna húsaleigu- og æfingastyrkja hjá þriðja aðila.
3. Framlag til rekstrarstyrktarsamninga við aðildarfélög (til félaga sem falla ekki undir 10. gr.) sbr. fylgiskjal 1
4. Framlag til styrkveitinga skv. samþykkt Afrekssjóðs Akureyrar (þ.m.t. ferðasjóði) sbr. fylgiskjal 2
5. Framlag til styrkveitinga skv. kennastyrk/jafnréttisstyrk sbr. fylgiskjal 3
6. Styrkur í formi húsaleigu fyrir skrifstofu ÍBA í mannvirki Akureyrarbæjar
7. Styrkur vegna húsaleigu- og æfingastyrkja samkvæmt reglum ÍBA og frístundaráðs, sbr. fylgiskjal 4

Framlag til ÍBA á ársgrundvelli

Rekstur skrifstofu

1. Skrifstofukostnaður, þ.m.t. laun framkvæmdastjóra	14.500.000 *
	14.500.000

Styrkir til aðildarfélaga

2. Styrkur vegna húsaleigu- og æfingastyrkja hjá 3ja aðila	4.000.000 **
--	--------------

3. Rekstrarstyrkir til aðildarfélaga	6.500.000	**
4. Afrekssjóður Akureyrar	7.000.000	**
5. Kvennastyrkur/jafnréttisstyrkur	2.800.000	**
	<u>20.300.000</u>	
Húsaleiga og æfingastyrkir		
6. Húsaleiga vegna skrifstofu ÍBA í mannvirki Akureyrarbæjar	1.332.000	***
7. Styrkur vegna húsaleigu- og æfingastyrkja	239.714.000	****
	<u>241.046.000</u>	
	Samtals	<u>275.846.000</u>

*Verðbætt skv. launavistölu frá janúar 2018. Uppreknað 1. janúar hvert ár frá og með 2019.

**Byggt á umsókn ÍBA ár hvert til frístundaráðs. Ákveðið samhlíða fjárhagsáætlunarvinnu frístundaráðs árlega.

***Byggt á innri leigu innan íþróttadeilda sem er uppreiknuð frá 1. janúar ár hvert.

****Byggt á umsóknum aðildarfélaga til ÍBA um notkun ár hvert. Ákveðið samhlíða fjárhagsáætlunarvinnu frístundaráðs árlega.

Greiðslur á framlagi til ÍBA skv. lið 1 og 2 hefjast í janúar 2018 og greiðast fyrirfram, mánaðarlega, í tólf jöfnum greiðslum og skal fyrsti vinnudagur hvers mánaðar telast gjalddagi. Skulu greiðslur lagðar inn á reikning ÍBA í þeirri bankastofnun sem ÍBA tilgreinir.

Framlag vegna 3. Rekstrarstyrkir til aðildarfélaga verður greitt í mars að undangengnum upplýsingum frá ÍBA.

Framlag vegna 4. Afrekssjóður Akureyrar verður greitt í desember að undangengnum upplýsingum frá ÍBA.

Framlag vegna 5. Kvennastyrkur/jafnréttisstyrkur verður greitt í september að undangengnum upplýsingum frá ÍBA.

Framlag vegna Húsaleigu og æfingastyrkja verður í umsýslu Akureyrarbæjar.

Styrkir og framlög frístundaráðs eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.

ÍBA getur sótt um fjármagn til frístundaráðs þegar við á umfram þetta samkomulag vegna styrkveitingar sbr. 5. gr. 4. lið í Samþykkt Afrekssjóðs Akureyrar, sjá fylgiskjal 2.

Ef skilyrðum styrkjanna er ekki fylgt er ÍBA heimilt að stöðva/bíða með greiðslur til aðildarfélags uns skilyrði eru uppfyllt. ÍBA fylgir eftir að félög uppfylli reglur og skilyrði styrkjanna.

Framlag Akureyrarbæjar til ÍBA vegna styrkveitinga til aðildarfélaga eru eingöngu ætlaðir í þau verkefni (styrki) sem talin eru upp hér að ofan og í samræmi við samþykktir og vinnu- og verklagsreglur.

Í framhaldi af styrkveitingum skal ÍBA skila til frístundaráðs greinargerð hvernig framlagi frístundaráðs til ÍBA vegna styrkveitinga var deilt út.

7. gr.

ÍBA skal skila frístundaráði greinargerð um framkvæmd samningsins og ráðstöfun framlaga Akureyrarbæjar. Greinargerðin skal berast eigi síðar en 15. mars ár hvert. Umfram upplýsingar um ráðstöfun styrkja skal greinargerðin m.a. innihalda tölfraði s.s. yfirlit yfir fjölda iökenda, iökanir (byggt á tölum frá ÍSÍ), nýtingu mannvirkja, fjöldu tíma per félag og greina, kynjasamþættingu, fjölda Íslandsmeistara og landslíðsmanna.

ÍBA og aðildarfélög skulu upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þau njóti styrkja frá Akureyrarbæ.

Ársreikingar ÍBA og aðildarfélaga skal vera aðgengilegur á heimasíðu viðkomandi félags og heimasíðu ÍBA.

8. gr.

Aðildarfélög ÍBA taka við Frístundastyrk Akureyrarbæjar og fylgja þeim reglum sem um Frístundastyrk Akureyrarbæjar gilda. Sjá fylgiskjal 5.

ÍBA skal vera með yfirumsjón og kerfisstjórni fyrir rafræna skráningarkerfið NORA sem snýr að aðildarfélögum sem notast við gátt ÍBA að NORA kerfinu (<https://iba.felog.is/>) og aðstoðar aðildarfélög sem við á varðandi kerfið.

9. gr.

ÍBA styrkir aðildarfélög sem notast við æfinga- og keppnisaðstöðu í mannvirki í eigu þriðja aðila til að draga úr húsnaðiskostnaði. ÍBA er heimilt að gera rekstrarsamning við þau aðildarfélög sem leigja æfinga- og keppnisaðstöðu hjá þriðja aðila sbr. lið 2 í 6. gr.

10.gr.

Frístundaráð gerir rekstarsamning við þau aðildarfélög ÍBA sem sjá um og reka íþróttamannvirki í eigu Akureyrarbæjar og annast greiðslur og uppgjör við þau félög.

11.gr

Frístundaráð og ÍBA eru sammála um að til að auka og efla samskipti sín á milli hafi frístundaráð og ÍBA rétt á áheyrnarfulltrúa, með málfrelsi og tillögurétt, á stjórnarfundum ÍBA og fundum frístundaráðs þegar erindi eða tengd mál aðila eru til umfjöllunar. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að vinna að því sameiginlega markmiði að efla Akureyri sem íþróttabæ og sameinast um stefnumótun í öllu íþróttastarfi á Akureyri til heilla.

12.gr.

ÍBA skal taka saman í ágúst/september yfirlit fyrir frístundaráð frá aðildarfélögum yfir verkefni, framkvæmdir, viðhald og endurnýjun áhalda og búnaðar þar sem þörf er á aðkomu Akureyrarbæjar. ÍBA skal forgangsraða tillögum aðildarfélaga og skila inn til

frístundaráðs í september ár hvert. Í framhaldinu hefur frístundaráð tillögurnar til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar.

Yfirlitið gerir kröfu á aðildarfélög um að skipuleggja fjármögnun verkefna tímanlega sem auðveldar frístundaráði skipulag fjárhagsáætlunar ár hvert.

13.gr.

ÍBA er óheimilt að gera samninga við þriðja aðila sem eru fjárhagslega skuldbindandi fyrir ÍBA umfram framlag Akureyrarbæjar til rekstur skrifstofu ÍBA, sbr. 6. gr. nema með fengnu samþykki deildarstjóra íþróttadeilda og fjármálastjóra Akureyrarbæjar.

14.gr.

Gildistími þessa samnings er til og með 31. desember 2022 en er uppsegjanlegur að beggja hálfu með 6 mánaðar fyrirvara á gildistímanum. Heimilt er að endurskoða samning þennan eða fella úr gildi verði verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða verulegar forsendubreytingar hjá samningsaðilum. Gert er ráð fyrir að samningur þessi verði tekinn til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðun þessa samnings skal þó fara fram eigi síðar en 1. maí 2019 og mat lagt á árangur samstarfs og á framhald samnings.

15. gr.

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skulu aðilar skipa sinn hvorn fulltrúa í sáttanefnd og koma sér saman um hlutlausán oddamann. Nefndin skal skera úr ágreiningi og úrskurður hennar er endanlegur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila.

Akureyri 10. nóvember 2017

F.h. Akureyrarbæjar

Eiríkur Björn Björgvinsson
Bæjarstjóri

F.h. ÍBA,

Geir Kristinn Aðalsteinsson
Formaður


Vottar

Silja Þórgýr Baldurmund Þóra kt. 030692 - 4919

Ölleif Ólafsson kt. 120975 - 5529

Fylgiskjöl

- 1) Útreikningur ÍTA vegna rekstrarsamninga við aðildarfélög ÍBA
- 2) Afrekssjóður Akureyrar
 - a. Samþykkt fyrir Afrekssjóð Akureyrar
 - b. Viðmið og vinnureglur ferðasjóðs
 - c. Verklags- og vinnureglur vegna landsliðsmanna,
Íslandsmeistara og heiðursviðurkenninga
- 3) Kvenna/jafnréttisstyrkir íþróttaráðs
- 4) Reglur um húsaleigu- og æfingastyrki Í.B.A og Í.R.A.
- 5) Reglur um frístundastyrk til barna og unglings í íþrótta-, tómstunda-
og æskulýðsstarfi



Two handwritten signatures are present in the bottom right corner. The top signature is a stylized, cursive 'W' or 'V' shape. The bottom signature is a more fluid, horizontal mark.

Fylgiskjal 1

Breytingar á þessum reglum og skilyrðum skulu hljóta samþykki stjórnar ÍBA og fristundaráðs til að taka gildi.

Útreikningur ÍTA vegna rekstrarsamninga við aðildarfélög ÍBA

<https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/utreikningur-ita-vegna-rekstrarsamninga-vid-adildarfelog-iba-v-2006.pdf>

Styrktarflokkar:

Félögunum er raðað í fjóra mismunandi styrktarflokka sem bera bókstafina A, B, C og D. Flokkarnir hafa mismunandi vægi og er félögunum raðað í þá samkvæmt samanlöögðum stigafjölda sem gefinn er fyrir hvern flokk í útreikningi forsenda.

Vægi flokkanna er eftirfarandi:

A – flokkur	19 stig eða meira	styrkupphæð kr. 450.000
B – flokkur	13 til 18 stig	styrkupphæð kr. 350.000
C – flokkur	8 til 12 stig	styrkupphæð kr. 200.000
D – flokkur	1 til 7 stig	styrkupphæð kr. 100.000

Forsendur við útreikning:

Þrjár mismunandi forsendur eru notaðar við útreikninga á endanlegum styrkupphæðum og eru eftirfarandi:

Barna- og ungingastarfs,

Starfsemin miðast að mestu leyti við börn og unglings	10 stig
Stafsemin er nokkuð blönduð á milli barna- og unglings og fullorðinna	5 stig
Starfsemin miðast lítið eða að engu leyti við börn og unglings	0 stig

Rekstur húsnæðis,

Félag er með eigið húsnæði í rekstri eða greiðir sjálfst leigu fyrir húsnæði	5 stig
Félag er ber ekki rekstrar eða leigukostnað af húsnæði	0 stig

Iðkendafjöldi

1 til 50 iðkendur	2 stig
51 til 100 iðkendur	4 stig
101 til 150 iðkendur	6 stig
151 til 200 iðkendur	8 stig
200 > iðkendur	10 stig

Fylgiskjal 2

Breytingar á þessum reglum og skilyrðum skulu hljóta samþykki stjórnar ÍBA og frístundaráðs til að taka gildi.

Frístundaráð sér um úthlutun viðurkenninga vegna Íslandsmeistara og heiðursviðurkenninga ráðsins.

Fylgiskjal 2 a

Samþykkt fyrir Afrekssjóð Akureyrar

https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/Afrekssjodur/Samthykkt_Afrekssjod_Akureyrar.pdf

1. grein

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður Akureyrar og er í vörslu samfélags- og mannréttinda-deildar Akureyrarbæjar.

2. grein

Markmið sjóðsins er að:

- styrkja akureyrarska afreksíþróttamenn til æfinga og keppni í íþróttum undir merkjum aðildarfélaga ÍBA, jafnt innanlands sem utan. Afreksmaður í íþróttum er sá sem á landsvísu nær framúrskarandi árangri í íþróttagrein sinni og keppir um Íslands- eða bikarmeistararatitla eða sambærilega titla og/eða keppir á fjölbjóðlegum stórmótum, s.s. Ólympíuleikum, Heimsmeistaramótum, Evrópumótum, smáþjóðaleikum eða Norðurlandameistaramótum.
- veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi afrek á undangengnum tólf mánuðum.

3. grein

Íþróttabandalag Akureyrar skipar þrjá fulltrúa í stjórn sjóðsins. Íþróttaráð skipar two fulltrúa í stjórn sjóðsins, skal annar þeirra vera formaður íþróttaráðs og er hann sjálfskipaður formaður sjóðstjórnar. Forstöðumaður íþróttamála er starfsmaður sjóðsins, hefur eftirlit með fjáreiðum hans og litur eftir að með styrki úr sjóðnum sé farið eins og til er ætlast.

4. grein

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- Árlegt framlag úr bæjarsjóði samkvæmt fjárhagsáætlun íþróttaráðs hverju sinni.
- Framlög og áheit.
- Vaxtatekjur
- Önnur tekjuöflun.

5. grein

Sjóðurinn veitir styrki og viðurkenningar í eftirtoldum flokkum:

- 1) Þátttaka í fjölbjóðlegum stórmótum skv. 2. grein.
- 2) Sérsamningar og stuðningur við afreksfólk.

- 3) Ferðasjóður
- 4) Íslands- og bikarmeistarar í meistaraflokkum og þátttaka í Evrópukeppnum.

Skilgreining flokka.

1. flokkur

Stuðningur með eingreiðslu vegna afreksfólks sem keppir á fjölbjóðlegum stórmótum skv. 2. grein og/eða á raunhæfa möguleika að ná lágmörkum á slík móti enda sé keppandinn í A-landsliði síns sérsambands. Greina skal á milli A-lágmarka og B-lágmarka. Einnig er landsliðsfólk í hópíþróttum styrkt vegna þátttöku á lokamótum heimsmeistarakeppni eða Evrópukeppni. Styrkirnir eru greiddir fyrirfram.

2. flokkur

Stuðningur með eingreiðslu eða samningi til eins árs vegna afreksíþróttamanna og/eða efnilegara íþróttamanna sem eiga möguleika á að ná svo langt í íþrótt sinni að þeir teljist meðal þeirra bestu í heimi í sínum aldursflokk. Eingreiðslustyrkir greiðast fyrirfram. Greiðslur vegna samnings eru eftir nánara samkomulagi. Sjá fylgiskjal 1.

3. flokkur

Sjá samþykkt fyrir Ferðasjóð Afrekssjóðs Akureyrar. Sjá fylgiskjal 2.

4. flokkur

Sérstakt fjárframlag til þeirra liða sem ná Íslands- eða bikarmeistaratitli í meistaraflokk. Einungis er um að ræða lið sem eru þátttakendur í efstu deildum innan sérsambanda ÍSÍ. Þá eiga þau lið sem hafa áunnið sér rétt til þátttöku í Evrópukeppnum möguleika á að hljóta fjárhagslegan stuðning til þátttöku í slíku verkefni. Sjá fylgiskjal 3.

6. grein

Allir þeir íþróttamenn sem þiggja styrk úr Afrekssjóði skulu hlíta þeim reglum sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan. Gerist styrkbegi brottagur gegn þessum reglum getur stjórn sjóðsins stöðvað greiðslur til styrkþega og jafnvel krafist endurgreiðslu styrksins.

7. grein

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum úr sjóðnum einu sinni á ári. Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum um styrki í október ár hvert, en einnig getur hún veitt styrki og viðurkenningar án umsóknar. Stjórn sjóðsins skal eftir fremsta megni gæta jafnræðis milli kvenna og karla í úthlutun styrkja. Að jafnaði koma einungis íþróttagreinar sem viðurkenndar eru af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands til greina við úthlutun styrkja en þó hefur stjórn sjóðsins heimild til að meta önnur íþrótttaafrek hæf til styrkveitinga. Umsækjendur um styrki úr Afrekssjóði þurfa að hafa lokið grunnskóla, þ.e.a.s. vera á sextánda aldursári eða eldri. Umsóknir um styrki skulu berast til Afrekssjóðs Akureyrar fyrir 15. nóvember ár hvert.

Með umsóknum skulu fylgja:

- a. Greinargerð um markmið íþróttamannsins og áætlanir hans um æfingar og þáttöku í keppnum.
- b. Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðra æfinga og/eða keppni.
- c. Staðfesting sérsambandsins (í þeim tilfellum sem það á við).
- d. Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.

Stjórn Afrekssjóðs getur farið fram á það við styrkþega að þeir komi fram á vegum sjóðsins eða skili inn skýrslum um hvernig styrkjum úr sjóðnum var varið.

8. grein

Þessar reglur eru settar á grundvelli Reglna um styrkveitingar Akureyrarkaupstaðar og ákvæði þeirra um auglysingar styrkja, úrvinnslu umsókna, ákvarðanir um styrkveitingar og eftirlit með meðferð styrkja gilda um atriði sem þessar reglur tilgreina ekki sérstaklega.

9. grein

Samþykkt þessi tekur gildi þegar bæjarstjórn Akureyrar hefur staðfest hana.

Fylgiskjal 1 Einstaklingsstyrkir

A = Styrkur er kr. 50.000 pr. mánuð x12
B = Styrkur er kr. 35.000 pr. mánuð x12
C = Styrkur er kr. 20.000 pr. mánuð x12

Fylgiskjal 2 Ferðasjóður Afrekssjóðs

Viðmið við úthlutun ferðastyrkja

- 1) Tilgangur ferðastyrkja er að styrkja aðildarfélög Íþróttabandalags Akureyrar vegna hópa eða einstaklinga sem taka þátt í landsliðsverkefnum á vegum sérsambanda Íþróttasambands Íslands.
- 2) Styrkupphæðir skulu nema að hámarki kr. 6.000,- á einstakling þegar um verkefni innanlands er að ræða en kr. 15.000,- þegar um er að ræða verkefni erlendis.
- 3) Greiðslur til styrkhafa fara fram hjá samfélags- og mannréttindadeild Akureyrarbæjar gegn framvísun reikninga fyrir kostnaði viðkomandi einstaklinga, hópa eða félaga.

Fylgiskjal 3 Afreksstyrkur vegna Íslands- og bikarmeistararatitra í hópíþrótt (10 liðsmenn eða fleiri) í meistaraflokkki efstudeildar eða þátttöku í Evrópukeppni.

Flokkun styrkja fer eftir fjölda liða í keppni til Íslandsmeistararatitils.
Bikarmeistararatitill eða þátttaka í Evrópukeppni gefur helming af þeirri upphæð sem Íslandsmeistararatitill gefur í viðkomandi grein.

A = Styrkur er kr. 600.000 (Íslandsmeistari) / 300.000 (Bikarmeistari) / 300.000 (Evrópukeppni)
B = Styrkur er kr. 400.000 (Íslandsmeistari) / 200.000 (Bikarmeistari) / 200.000 (Evrópukeppni)
C = Styrkur er kr. 200.000 (Íslandsmeistari) / 100.000 (Bikarmeistari) / 100.000 (Evrópukeppni)

A – styrk hlýtur lið sem tekur þátt í keppni þar sem 8 lið eða fleiri taka þátt.

B – styrk hlýtur lið sem tekur þátt í keppni þar sem 5-7 lið taka þátt.

C – styrk hlýtur lið sem tekur þátt í keppni þar sem 4 lið eða færri taka þátt.

Samþykkt í íþróttaráði 27. september 2012
Samþykkt í bæjarráði 4. október 2012
Samþykkt í bæjarstjórn 16. október 2012

Fylgiskjal 2 b

Viðmið og vinnureglur vegna Ferðasjóðs Afrekssjóðs

https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/Afrekssjodur/vidmid_og_vinnureglur_ferdasjod_28-01-2013.pdf

Viðmið við úthlutun ferðastyrkja (úr Samþykkt Afrekssjóðs)

- 1) Tilgangur ferðastyrkja er að styrkja aðildarfélög Íþróttabandalags Akureyrar vegna hópa eða einstaklinga sem taka þátt í landsliðsverkefnum á vegum sérsambanda Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands.
- 2) Styrkupphæðir skulu nema að hámarki kr. 6.000,- á einstakling þegar um verkefni innanlands er að ræða en kr. 15.000,- þegar um er að ræða verkefni erlendis.
- 3) Greiðslur til styrkhafa fara fram hjá samfélags- og mannréttindadeild Akureyrarbæjar gegn framvísun reikninga fyrir kostnaði viðkomandi einstaklinga, hópa eða félaga.

Vinnureglur vegna afgreiðslu styrkja úr Ferðasjóði

- 1) Umsóknir skulu berast frá formanni/framkvæmdarstjóra deilda/félags.
- 2) Umsóknir skulu berast á sérstöku eyðublaði.
- 3) Fylgiskjöl með umsókn skulu vera:
 - a. Staðfesting sérsambands á þátttöku keppanda í verkefninu.
 - b. Staðfesting sérsambands á greiðsluhluta þess í ferðakostnaði viðkomandi hóps eða einstaklings sem sótt er um fyrir. Ath. sum sérsambönd greiða allan ferðakostnað vegna landsliðsverkefna, innanlands og erlendis.
 - c. Reikningur vegna ferðakostnaðar, t.d. frá flugfélagi (stílaður á íþróttafélag/iðkendur).
 - d. Önnur gögn sem kunna að vera nauðsynleg.
- 4) Rafrænar umsóknir sendist til forstöðumanns íþróttamála. Útprentaðar umsóknir skulu sendast á bæjarskrifstofur Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, merktar Forstöðumaður íþróttamála / Ferðasjóður Akureyrar.
- 5) Styrkveitingar hvers árs eru háðar fjárhagsáætlun hverju sinni.
- 6) Að öðru leyti vílast í Samþykkt Afrekssjóðs Akureyrar frá október 2012.

Forstöðumaður íþróttamála hefur heimild til að afgreiða styrkumsóknir sem berast vegna ferðastyrkja, samkvæmt reglum þessum.

Fylgiskjal 2 c

Viðauki við samþykkt Afrekssjóðs

<https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/Afrekssjodur/verklagsreglur-vegna-landsliðsmanna-islandsmeistara-og-heidursvidurkenninga-09032015.pdf>

Verlags- og vinnureglur vegna:

- styrkveitinga landsliðsmanna
- Íslandsmeistara
- heiðursviðurkenninga.

Landsliðsmenn

Markmið: Veita aðildarfélögum ÍBA viðurkenningu fyrir afreksstarf. Allir iökendur sem eru skráðir í aðildarfélög ÍBA og keppa sannanlega undir merkjum aðildarfélaga ÍBA eru galdgengir til styrkveitingar.

Umsjón: Afrekssjóður og forstöðumaður íþróttamála

Viðurkenning: Afrekssjóður veitir peningastyrk fyrir hvern landsliðsmann sem keppir/spilar fyrir Íslands hönd á árinu. Stjórn Afrekssjóðs ákveður heildarupphæð sem fer til landsliðsmanna með tilliti til fjármagns sem ætlað er til styrkja frá íþróttaráði og deilist sú upphæð á heildarfjölda landsliðsmanna innan aðildarfélaga ÍBA.

Ferli: Aðildarfélög skila inn yfirliti á sérstökum eyðublöðum sem forstöðumaður íþróttamála sendir út til aðildarfélaga á hverju hausti. Þar skal tekið fram nafn, fæðingarár, póstnúmer lögheimilis, íþrótt og/eða grein sem viðkomandi keppti í og a.m.k. eitt móti/viðburður sem viðkomandi keppti á fyrir Íslands hönd.

Íslandsmeistarar

Markmið: Veita aðildarfélögum ÍBA viðurkenningarvott vegna árangurs á landsvísu á undangengnu ári.

Umsjón: Forstöðumaður íþróttamála

Viðurkenning: Sérstakt skjal í ramma með nöfnum allra Íslandsmeistara félagsins. Undirritað af forstöðumanni íþróttamála og formanni ÍRA. Viðmið íþróttaráðs er að veita viðurkenningu fyrir árangur iökenda 11 ára og eldri. Undantekningar má þó gera ef ástæða þykir.

Ferli: Aðildarfélög skila yfirliti á sérstökum eyðublöðum sem forstöðumaður íþróttamál sendir út til aðildarfélaga á hverju hausti. Þar skal tekið fram nafn, fæðingarár, póstnúmer lögheimilis, íþrótt og/eða grein sem viðkomandi varð Íslandsmeistari í. Viðauki við samþykkt Afrekssjóðs í sérstökum tilfellum getur stjórn Afrekssjóðs gert undanþágu á ofangreindum vinnuog verklagsreglum.

Heiðursviðurkenningar

Markmið: Íþróttaráð veitir heiðursviðurkenningar fyrir störf að félags-, íþróttá- og æskulýðsmálum. Að heiðra einstaklinga sem hafa unnið óeigingjarnt og mikið sjálfboðaliðastarf í þágu félags- íþróttá- og æskulýðsmála á Akureyri.

Umsjón: Afrekssjóður, forstöðumaður íþróttamála og íþróttaráð.

Viðurkennung: Sérstakt skrautskrifað skjal í ramma og undirritað af íþróttaráði Ferli: Stjórn Afrekssjóðs kallar eftir tilnefningum í október frá aðildarfélögum, heldur utan um tilnefningar og tilnefnir þá sem hljóta heiðursviðurkenningu, Tillögum skal vísað til íþróttaráðs sem samþykkir/hafnar og afhendir viðurkenninguna.

Samþykkt á fundi Afrekssjóðs Akureyrar 9. mars 2015

Fylgiskjal 3

Breytingar á þessum reglum og skilyrðum skulu hljóta samþykki stjórnar ÍBA og frístundaráðs til að taka gildi.

Kvenna/jafnréttisstyrkir íþróttaráðs

<https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/samningar/vidmid-og-vinnureglur-vegna-kvennastyrkja-samthykkt-22-05-2014.pdf>

Viðmið og vinnureglur vegna styrkja til hópíþróttákvenna

Markmið

Markmiðið með veitingu styrkjanna er að stuðla að vexti og viðgangi hópíþróttá hvá konum í bæjarféluginu. Það hefur sýnt sig að fjármagn sem fæst til reksturs hópíþróttákvenna s.s. styrktarfé er mun lægra en það sem fæst til reksturs hópíþróttakarla. Þennan mun vill íþróttaráð leitast við að jafna.

Íþróttaráð lítur svo á að veiting styrkjanna sé í samræmi við 25. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 en þar segir að sértækar aðgerðir gangi ekki gegn lögnum.

Viðmið

- Tilgangur styrksins er að styðja við rekstur deilda aðildarfélaga ÍBA sem taka þátt í Íslandsmóti í hópíþróttum kvenna.
- Úthlutun styrkja er háð fjárhagsáætlun íþróttaráðs hverju sinni.
- Styrkupphæðir geta verið breytilegar milli ára. Styrkir reiknast á félög m.v. töflu 1 þannig að heildarupphæð styrkja verði hin sama og áætlun.
- Styrkunum er ætlað félögum sem keppa í efstu deild hverju sinni.
- Fjöldi félaga í deild hefur áhrif á styrkupphæð sbr. tafla 1.
- Hámarks 100% styrkur skv. töflu 1 er kr. 2.000.000.- á félag.
- Íþróttaráði er heimilt að veita undanþágur frá þessum viðmiðum.
- Ef til þess kemur að veita undanþágu frá þessum viðmiðum þá skulu undanþágustyrkir ekki reiknast af upphaflegri fjárhagaáætlun íþróttaráðs fyrir þessa styrki.

Tafla 1 – Skipting styrkja m.v. fjölda félaga í deild	4-6 félög	7-9 félög	10 félög eða fleiri
Efsta deild	25%**	50%**	100%*

*Földi styrkumsóknar stýrir því hvað 100% styrkur er há upphæð hverju sinni.

** Hlutfall af 100% styrknum

Vinnureglur

- Umsóknir skulu berast frá formanni/framkvæmdarstjóra deilda/félags.
- Styrkumsóknir skulu hafa borist íþróttaráði fyrir 1. september ár hvert.
- Í umsóknum skal tilgreina:

- 1) Ósk um styrkupphæð
 - 2) Fjárhagsáætlun deildar/liðs
 - 3) Fyrirhugaða ráðstöfun styrksins
 - 4) Í hvaða deild félagið keppir og fjöldi félaga (nöfn) í deildinni
 - 5) Annað er málið varðar.
- Forstöðumaður íþróttamála hefur heimild til að afgreiða styrki f.h. íþróttaráðs skv. þessum viðmiðum og vinnureglum í samræmi við fjárhagsáætlun íþróttaráðs til verkefnisins hverju sinni.
 - Styrkir eru afgreiddir í september á hverju ári.
 - Umsóknir um undanþágustyrki skulu berast íþróttaráði sem tekur erindið fyrir á fundi ráðsins.

Samþykkt í íþróttaráði 22. maí 2014.

Dæmi:

Dæmi 1.

3,5 millj. skv. fjárhagsáætlun. Eitt félag í hverjum flokki sækir um styrk. Fjárhæð í verkið er 3,5 millj. Félagið í 10+ félaga deild fær 2 millj., félagið í 7-9 félaga deild fær 1 millj. og félagið í 4-6 félaga deild fær 500 þús.

Dæmi 2.

3,5 millj. skv. fjárhagsáætlun. 4 félög sækja um styrk. 2 félög sem eru í 10+, 1 félag í 7-9 og 1 félag í 4-6. Félögin í 10+ fá 1.280.000.- hvort, félagið í 7-9 fær 640 þús og félagið í 320 þús. (total 3.520.000)

Dæmi 3.

3 millj. skv. fjárhagsáætlun. 4 félög sækja um styrk. 1 félag í 10+, 2 félög í 7-9 og 1 félag í 4-6. Félagið í 10+ fær 1.340.000, félögin í 7-9 fá 670 þús hvort og félagið í 4-6 fær 335 þús (total 3.015.000)

Dæmi 4.

2,5 millj. skv. fjárhagsáætlun. 5 félög sækja um styrki. 2 félög í 10+, 1 félag í 7-9 og 2 félög í 4-6. Félögin í 10+ fá 840 þús hvort, félagið í 7-9 fær 420 þús og félögin í 4-6 fá 210 þús hvort (total 2.520.000)

Fylgiskjal 4

Í 4. gr. segir: *Samningsaðilar skulu hafa lokið við endurnýjun á reglum ÍBA og frístundaráðs um tímaúthlutun í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar fyrir 1. júlí 2018 og verða nýjar reglur hluti af þessum samningi.*

Reglur um húsaleigu- og æfingastyrki Í.B.A og Í.R.A.

https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/Reglur_um_husaleigu-og_aefingastyrki.pdf

Húsaleigu- og æfingastyrkir.

Styrkveiting nær til félags, sem er fullgildur aðili að ÍBA og hefur farið að lögum bandalagsins.

Styrkurinn nær til íþróttæfinga barna og unglinga 6 – 19 ára, auk þess meistaraflokkslíða karla og kvenna í hóp- og einstaklingsíþróttum, þar sem jafnframt er barna- og unglingastarf og keppt til æðstu metorða. Meistaraflokkslíð verða þó að sækja um húsaleigustyrk fyrstu starfsárin. Reglur um húsaleigu- og æfingastyrki ÍRA og ÍBA eru einkum ætlaðar hverfafélögum og sérgreinafélögum með barna- og unglingastarf. Ný félög hljóta styrkinn eftir þriggja ára starf enda hafi þá verið gert ráð fyrir féluginu í fjárhagsáætlun ÍBA.

Miðað er við að greiða að fullu kostnað fyrir æfingaraðstöðu í styrkhæfum flokkum og keppni í Akureyrar- og Íslandsmótum, sé ekki seldur aðgangur. Þau félög, sem ekki hafa barna- og unglingastarf, skulu sækja sérstaklega um og skal meta styrkhæfni þeirra. Félög, sem njóta styrkja utan ÍBA hafa ekki sama aðgang að styrktarkerfinu og önnur félög. Umsóknir þeirra skulu skoðaðar sérstaklega og mat lagt á styrkveitingu. Styrkhæf er leiga í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar, íþróttasölu skóla og í íþróttamannvirkjum íþróttafélaga (eða á þeirra vegum í öðru húsnæði). Jafnframt aðrir æfingastyrkir samkvæmt nánari ákvörðun ÍBA og ÍRA.

1. Æfingatímabil eru þrjú:
 - I. 1. sept. – 31. des.
 - II. 1. jan. – 15. apríl.
 - III. 15 apríl – 31. ágúst.

EKKI verður um styrk að ræða vegna æfinga á tímabili III nema í sérstökum tilfellum. Verður að sækja um það sérstaklega. Í þeim tilfellum verða æfingar félaganna færðar saman í hús, þyki ástæða til þess.

2. Til að koma til greina varðandi greiðslu húsaleigustyrks, verður félagið að senda ÍBA umsókn. Umsóknir um styrkveitingu berist fyrir 1. desember, 1. apríl og 1. júní. Stundaskrá fyrsta tímabils framlengist sjálfkrafa yfir á annað tímabil, sæki félagið um innan tilskilinna tímamarka. Hálfbum mánuði fyrir hvert tímabil

liggi fyrir yfirlit um staðfesta tíma að hálfu ÍBA og ÍRA. Félagið skal síðan skila inn til ÍBA stundatöflu yfir æfingar félagsins með sundurliðun fyrir deildir og aldursflokka. Enginn tími er styrkhæfur úr styrktarkerfinu nema sótt hafi verið um æfingatíma til ÍBA og verið samþykkt þar. Þetta á bæði við um æfingatíma félaga, fjölliðamót og hvort heldur þetta er haldið innan íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar og skólanna eða íþróttamannvirkja félaganna.

3. Styrkhæfur æfingatími í eigin húsum íþróttafélaga er samkvæmt samkomulagi og kl. 9:00 – 19:00 á laugardögum og sunnudögum. Styrktarupphæð skal þó vera innan ákveðinnar hámarksupphæðar. Heimilt er samkvæmt styrktarkerfinu að miða fjölda æfinga flokka og einstaklinga við ákveðin fjölda mínútna á viku eða æfingatímabil.
4. Fyrir hvern íþróttasal er skráð dagbók, sem ÍRA leggur til og í eru skráðar upplýsingar um æfingar, iökendafjölda, flokk (aldur), kynjaskiptingu og kappleiki eða keppni. Jafnframt ef um er að ræða breytingar á flokkum eða deildum, t.d. vegna fjölliðamóta, skal koma fram skýring í dagbók og tölvufærslu. Ennfremur skulu í dagbók skráðar skýringar á ónýttum æfingatíma. Tínum, sem eru illa eða vannýttir eða ráðstafað á annan hátt en samkvæmt þessum reglum, verður ráðstafað annað ef ekki eru haldbærar skýringar.
5. Uppáskrifaaðar skýrslur með aðsókn og nýtingu berist mánaðarlega og eru forsendur styrkveitinga. Húsverðir og þjálfarar skrifí upp á skýrslur. Afrit af skýrslum sendist til ÍBA og ÍRA og aðalstjórnar viðkomandi félags.
6. Skilyrði fyrir styrkveitingum er að lágmarksfjöldi iökenda í íþróttamannvirkni sé 10. Heimilt er, samkvæmt ákvörðun ÍBA að gera breytingar á nýtingu vegna skiptingar mannvirkja í einingar, eða af öðrum ástæðum.
7. Ekki er heimilt að æfingar í barna- og unglingsflokkum fari fram nema þjálfari sé til staðar sbr. reglur um íþróttamannvirkni.
8. Uppgjör húsaleigu miðast við gjaldskrá bæjarins, einnig þegar um mannvirkni í eigu annarra er að ræða. Uppgjör og greiðslur til þeirra félaga/mannvirkja fer fram að fengnum mánaðarskýrslum.
9. Íþrótt- og tómstundaráð, að höfðu samráði við ÍBA gerir tilögur til bæjarráðs um gjaldsskrá á 60 mínútna æfingatíma.
10. Ófullnægjandi eða rangar upplýsingar í dagbókum um nýtingu æfingaaðstöðu geta þýtt skerðingar eða niðurfellingu styrkja og tíma og greiðslu fyrir ónotaða tíma.

11. Æfingatímar á stórhátíðum verða ekki styrktir. Stórhátíðisdagar: Nýjársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur jóla, jöladagur og gamlársdagur.
12. Fulltrúum ÍBA og ÍRA er heimilt að fylgjast með æfingum.
13. Um undantekningar eða frávik frá þessum reglum þarf að sækja sérstaklega til ÍBA/ÍRA.
14. ÍBA og ÍRA annast framkvæmd þessara reglna og verði ágreiningur um einstök atriði þeirra skal honum vísað til stjórnar ÍBA og ÍRA.

Styrkhæfar mínútur æfingatíma

Hér að neðan er fjöldi mínútna sem styrktar eru samkvæmt nýákveðnum reglum um styrkveitingar. Í handknattleik er gert ráð fyrir að æfingar í yngri flokkum fari fram í minni íþróttasö lum, eða tvískiptum stærri sö lum. Þetta á við 4. flokk og yngri. Í körfuknattleik gildir sama regla og að ofan varðandi 9. flokk karla og stúlkna flokk. Í blaki skulu allir flokkar æfa í tvískiptum stærri sö lum. Æfingatímabil skíðafólks á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli er frá 1. des - 15. maí svo framarlega sem skíðafæri leyfir.

Sjá mínútur á vefsloð https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/Reglur_um_husaleigu-og_aefingastyrki.pdf

Ef félög hafa verið með fleiri en tvö lið á s.l. keppnistímabili er þeim heimilt að sækja um viðbótartíma sem því nemur.

Varðandi æfingar í einstaklingsgreinum þá verður fjöldi mínútna með svipuðum hætti hvað varðar mínútufjölda á viku í sambærilegum aldursflokkum. Til þess að hljóta húsaleigustyrk þurfa félögin að leggja fram nafnalista yfir keppendur á s.l. keppnistímabili á mónum samþykktum af sérsamböndum viðkomandi greinar. Í hópíþróttum skulu félögin leggja fram lista yfir þá flokka sem kepptu á samskonar mónum.

Öll félög skulu stilla upp æfingatöflu fyrir sínar deildir. Óskað er eftir að þau geri það í tölvutæku formi.

Fylgiskjal 5

Reglur um frístundastyrk til barna og unglings í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi

<https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/fristudnastyrkur/reglur-um-fristundastyrk-til-barna-og-unglinga-jan2017-heimasida.pdf>

Úthlutunarreglur

1. Markmið

Markmið og tilgangur Frístundastyrksins er:

- að styrkja 6-17 ára börn og unglings í Akureyrarbæ til þáttöku í uppbyggilegu frístundastarfi og auka möguleika til þáttöku óháð efnahag
- að ýta undir aukna hreyfingu og félagsþáttöku 6-17 ára barna
- að vinna gegn óæskilegu brottafalli í eldri aldurshópum iöknda
- auka virkni í frístundartíma barna og unglings

2. Frístundastyrkur

Frístundastyrkurinn er kr. 20.000.- fyrir einstakling á aldrinum 6 til 17 ára fyrir árið 2016, þ.e. börn fædd 2000-2011.

Frístundastyrkurinn er fyrir börn og unglings með lögheimili á Akureyri (póstnúmer 600, 603, 611 og 630).

Frístundastyrkurinn greiðist í nafni iökandans til félagsins/fyrirtækisins frá Akureyrarbæ.

Frístundastyrkurinn gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar.

3. Skilgreining á þáttökurétti félaga og fyrirtækja

Öll aðildarfélög Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA) hafa heimilid til að taka við frístundastyrk frá Akureyrarbæ. Fara þarf inn á eftifarandi heimasíður til að skrá iökendur:

- draupnir.felog.is (Íþróttafélagið Draupnir)
- ka.felog.is (Knattspyrnufélag Akureyrar)
- thor.felog.is (Íþróttafélagið Þór)
- fimak.felog.is (Fimleikafélag Akureyrar)
- Iba.felog.is (önnur aðildarfélög ÍBA)

Fjöldi annarra félaga og fyrirtækja tekur við frístundastyrk. Til að skrá iökendur hjá eftifarandi félögum/fyrirtækjum þarf að fara á <https://rosenborg.felog.is>. Ef félag/fyrirtæki finnst ekki þar þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofu viðkomandi.

Félögin/fyrirtækin eru:

- Átak líkamsrækt

- Bjarg líkamsrækt
- Crossfit Akureyri
- Crossfit Hamar
- KFUM&K
- Leik- og dansskóli Alice
- Leiklistarskóli Menningarfélags Akureyrar
- Myndlistaskóli Akureyrar
- Skátafélagið Klakkur
- Skíðastaðir Hlíðarfjalli
- Steps Dansstudio
- Sumarbúðir Ástjörn
- Sundlaugar Akureyrar
- Tónlistarskóli Akureyrar
- Tónræktin
- Tónskóli Roar Kvam

Til að taka við frístundastyrk verða félög og fyrirtæki að:

- I. vera með skilgreinda starfsemi sem fellur undir markmið reglna þessara
- II. hafa rekstur undir eigin kennitölu
- III. hafa aðsetur á Akureyri
- IV. reka íþrótt-, tómstunda- eða/og æskulýðsstarfsemi sína á ársgrundvelli

4. Verðlagning

Þau félög/fyrirtæki sem taka við frístundastyrk frá Akureyrarbæ skulu leitast við að stilla verðlagi á æfinga- og þáttökugjöldum í hóf og senda inn gjaldskrá sína til Íþróttabandalags Akureyrar eða Íþróttaráðs í upphafi hverrar annar/tímabils.

5. Ný félög og fyrirtæki

Þeir aðilar sem ekki eru á lista Akureyrarbæjar yfir þá sem heimild hafa til að taka við frístundastyrk en telja sig uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þess, þurfa að sækja um það til Íþróttaráðs Akureyrarbæjar með nánari upplýsingum um frístundastarf viðkomandi aðila.

Tenging við NORA-kerfið er hluti af því að geta tekið við frístundastyrk.

6. Framkvæmd frístundastyrks

Ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þáttöku- og æfingagjöldum

- Forráðamenn fara inn á **heimasíðu viðkomandi félags** og skrá iökanda.
- Í skráningarferlingu, þar sem er m.a. gengið frá greiðslu námskeiðs geta forráðamenn valið að ráðstafa styrk iökandans hjá viðkomandi félagi/deild/fyrirtæki rafrænt.

- Ekki er hægt að ráðstafa hærri upphæð til félags en námskeiðið kostar. Ef upphæð námskeiðs er hærri en ráðstöfunin er mismunur greiddur til félagsins.
- Þegar forráðamaður staðfestir þáttöku barns fær viðkomandi félag/deild/fyrirtæki og Akureyrarbær staðfestingu þar um.
- Mánaðarlega greiðir Akureyrarbær niðurgreiðslustyrki til viðkomandi íþróttafélag/deild/fyrirtækis.
- Í kvittun til þátttakenda um námskeiðskostnað skal félag geta um hlut bæjarfélagsins í greiðslu vegna námskeiðsgjaldsins.
- **Ónýttir frístundastyrkir flytjast/geymast ekki milli ára.**

7. Undanþágur og vafaatriði

Íþróttaráð hefur heimild til að veita undanþágu frá þessum reglum. Ef upp koma vafaatriði mun íþróttaráð skera úr um það.

Frístundastyrkur til barna og unglings í íþróttta-, tómstunda- og æskulýðssstarfi á Akureyri er í umsjón forstöðumanns íþróttamála sem veitir nánari upplýsingar.

Brot félaga/fyrirtækja á reglum og skilyrðum fyrir frístundastyrknum getur leitt til endurskoðunar á úthlutun.

Endurskoðað og samþykkt á fundi íþróttaráðs 24.febrúar 2016.
Styrkupphæð og aldurshópur uppfært í janúar 2017.